

Tillaga Í-listans sem lögð var fram á 446. fundi bæjarstjórnar um breytingar á fjárhagsáætlun.

„Lagt er til að framlag til Blábankans verði hækkað um 2 m.kr. til að koma til móts við framtíðarhugmyndir Blábankans til að efla hann og styrkja. Bæjarráð tók jákvætt í erindi Blábankans á fundi sínum 14. okt. sl. en meirihluti bæjarstjórnar ákvað að hætta við aukaframlagið í meðförum sínum á fjárhagsáætlun. Í bréfi stjórnarformanns Blábankans til Ísafjarðarbæjar var leitað til bæjaryfirvalda um að tryggja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar en samningar um Blábankann renna út á árinu 2020 og mikilvægt að blása til sóknar. Í-listinn leggur til að framlög verði tryggð til tveggja samþykktra tillagagna Í-listans annars vegar um um skapandi sumarstörf og hins vegar stefnumótun í fjármálum sveitarfélagsins, en ekki er að sjá að gert hafi verið ráð fyrir þessum verkefnum í fjárhagsáætlun ársins 2020. Í fjárfestingaráætlun 2020-2023 er einungis gert ráð fyrir 5 m.kr. í fráveitu, það er mikil stefnubreyting milli ára en í fjárfestingaráætlun síðasta árs var gert ráð fyrir 120 m.kr. í fráveitu. Staðan á fráveitunni hefur ekki batnað á milli ára nema síður sé. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélag sem byggir á matvælaframleiðslu að fráveitan sé í lagi. Lagt er til að framlag til fráveitu verði endurskoðað. Fráveitan var eitt af kosningaloforðum Framsóknarflokksins. Í fjárfestingaráætlun 2020-2023 er ekki gert ráð fyrir byggingu Hornstrandastofu sem hefur verið í undirbúningi lengi. Verkefnið var á stefnuskrá á Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar. Lagt er til að Hornstrandastofa verði sett aftur á fjárfestingaráætlun. Á fjárfestingaráætlun 2020-2023 er að finna ný verkefni sem ekki hafa fengið umræðu í bæjarstjórn til þessa, viðbygging á Eyri sem er mjög þarft verkefni og nýframkvæmdir á skíðasvæðinu.. Bæjarfulltrúar Í-listans óska eftir að fá kynningu á þessum verkefnum. Einnig vekur það athygli að ekki er gert ráð fyrir framlagi til Tanksins á Þingeyri eins og lofað hafði verið. Lagt er til að framlag til Tanksins verði sett aftur á fjárfestingaráætlun. Lagt er til að þessum tillögum verði vísað til síðari umræðu.“